

Nd.

190. Nefndarálit

nm frv. til laga nm loftskæytatæki á botnvörpuskipum og nm eftirlit með loftskæytanotknn islenskra veiðiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Á þinginn 1928 mnn frv. nm lagasetningu þá, er hér nm ræðir, fyrst hafa séð ljós dagsins.

Við bentum þá á það, að í lögnm nr. 82, 14. nóv. 1917, og reglugerð nr. 32, 17. maí 1918, sem sett var samkvæmt þeim lögnm, hafi ríkisstjórnin fullnægjandi heimild til að hafa það eftirlit með sendingu loftskæyta, sem, ef því væri beitt, gæti komið að eins góðnm notnm til að hindra misnotkun loftskæyta eins og lagasetningu í því efni yfir höfnð að tala getur gert.

Þessu hefur aldrei verið hnekkð með röknum né sýnt fram á, að tilrannir ríkisstjórnarinnar, ef þær hafa nokkrar verið, til að hafa ihlntnn nm sendingu loftskæyta hafi strandað vegna vöntunar á lagaheimild.

Við meðferð málsins á þrem þingum hefur frv. þetta að vísu tekið talsverðnm breytingum til bóta, fyrir gagnrýni okkar, en samt sem áðnr er það enn svo úr garði gert, að við getum ekki léð því lið. Frá upphafi er málið fram borið til þess að sveigja að islenskum útgerðarmönunm, og öllnm hefur verið ljóst, að slík lagasetning yrði aldrei annað en »pappírlöga, eins og einn stöðningsmanna málsins komst að orði.

Alþingi, 24. febrúar 1930.

Jóhann P. Jósefsson,
frsm.

Ólafur Thors.